

## BÓKMENNTIRNAR Í LIST ASMUNDAR SVEINSSONAR

Formleg opnun viðbyggingar við Ásmundarsafn

Laugardaginn 13. apríl kl. 15.00 verður opnuð sýning í Ásmundarsafni sem ber yfirskriftina Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. Jafnframt verður formlega tekin í notkun ný viðbygging við Ásmundarsafn.

List Ásmundar Sveinssonar hefur í flestum tilfellum til að bera ákveðið myndefni til jafns við formræna úrvinnslu höfundarins. Og að vissu marki má segja að list Ásmundar hafi gegnum sneytt ákveðna bókmenntalega miðlun. Ef frá eru taldir þær höggmyndir sem Ásmundur skapar á sínum unglingsárum heima að Kolstöðum og fáeinar modelstúdíur hjá Ríkarði, þá eru fyrstu tilþrif listamannsins varðveitt í textum, bréfi, sem hann ritar móður sinni frá Kaupmannahöfn í aprílmánuði árið 1920. Þar kemur fram að Ásmundur á í mestu erfiðleikum með að koma hugmyndum sínum í leirinn, - fast form - hugleiðingum sem eru fyrst og fremst bókmenntalegar og augljóslega undir miklum áhrifum frá Einarí Jónssyni. Því miður hafa þau verk sem Ásmundur gerði í Kaupmannahöfn veturinn 1919 til 1920 ekki varðveist.

Árið 1922, þegar Ásmundur var við nám í Stokkhólmi velur hann sér bókmenntalegt viðfangsefni um Sæmund á selnum og á næstu árum sækir Ásmundur, vafalítið undir áhrifum frá kennarar sínum Carl Milles, myndefni í grísk-rómverka goðafræði, mótar Venus á hafinu og Hafmey sem hann fær fyrir verðlaun listaskólans vorið 1922. Milles, sem sjálfur hafði unnið út frá bókmenntalegum forsendum, hvatti Ásmund m. a. til að myndgera íslenskar þjóð- eða Íslendingasögur. Ásmundur rýnir m.a. í Grettissögu á þessum árum og myndirgerir Dauða Grettis. Í París endurgerir hann Sæmund á selnum í síð-kúbískum stíl.

Á fjórða áratugnum er minna um bókmenntalegar tilvísanir í list Ásmundar. Hann gerir þó margar af sínum fegurstu myndum lík og Vatnsberan, Veðurspámann og Þvottakonur, myndir með afgerandi félagslegan undirtón.

Aftur á móti þegar komið er fram á fimmta áratuginn sækir Ásmundur oft og iðulega myndefni í bókmenntirnar og skiptir það þá

einu hvort það eru Íslendingasögur, þjóðsögur, goðafræðin eða biblían. Hann les sérstaklega Egilssögu og myndgerir ljóðin Höfuðlausn og Sonartorrek. Í biblíunni staðnæmist hann við Sköpunina og gerir ennfrumur tvær myndir um Evu. En þjóðsagan er ekki langt undan og þangað sækir hann myndefnin Tröllkona og í hina hádrámtísku mynd Móðir mín í kví kví.

Abstraktlist Ásmundar er sérstæð fyrir marga hluta sakir. En þó sérstaklega vegna þess að þar sækir hann ekki síður myndefni í bókmennirnar. Hann vinnur umfram allt í járn og myndirnar, sem eru táknrænar, vísa ýmist í Lokaråd, Fónix, Tristan og Isold og eða Eldmessuna.

Þótt verk Ásmundar Sveinssonar séu í flestum tilfellum frásagnarleg og að stór hluti þeirra byggi á tilteknum bókmenntum gengur listemaðurinn aldrei of nærri sögunni. Ásmundur er ávallt meðvitaður um að höggmyndin lifir ennfrumur sjálfstæðu lífi sem byggir á sínum myndrænu lögmálum.

Ásmundur Sveinsson hóf byggingu kúluhússins við Sigtún árið 1942. Nokkru seinna bætti hann tveimur píramídum framan við húsið. Á árunum 1954-1959 reisti Ásmundur síðan bogaskemmuna. Ásmundur Sveinsson ánaðnaði Reykjavíkurborg listasafn sitt eftir sinn dag. Hann andaðist í Reykjavík 9. desember 1982. Ári síðar var Ásmundarsafn formlega opnað. Árið 1988 var hafist handa við að byggja tengibyggingu milli kúluhússins og bogaskemmunar. Arkitekt viðbyggingarinnar er Manfræð Vilhjálmsson.